

Hrísey - Áætlun um mælingar og sýnatöku við upphaf dælingar úr holu 10

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-87-17

HRÍSEY – ÁÆTLUN UM MÆLINGAR OG SÝNATÖKU VIÐ UPPHAF DÆLINGAR
ÚR HOLU 10

Til að kanna viðbrögð kerfisins við dælingu og fá sem nákvæmastar upplýsingar um vinnslueiginleika vatnsins úr holu 10 eru lagðar til eftirfarandi aðgerðir.

1. Skrá reglulega vatnsnám og hitastig úr holu 10. Mæla skal hitastig eigi sjaldnar en tvisvar á dag fyrstu dagana og ef það er stöðugt eða verður stöðugt eftir fyrstu vikuna er nægjanlegt að lesa af tvisvar í viku (þó daglega ef farið er að holunni daglega).
2. Taka sýni úr holunni daglega í eina viku og tvisvar í viku eftir það uns fyrirmælum verður breytt vegna fyrstu niðurstaðna.
3. Mæla þarf súrefni í vatninu úr holu 10 og ef það er yfir 20 ppb þarf að láta Hrefnu eða Magnús vita strax.
4. Að u.þ.b. mánuði liðnum frá upphafi dælingar verður sendur efnafræðingur til sýnatöku úr holunni og úr dreifikerfinu.
5. Fylgjast þarf með tæringu og er lagt til að settar verði tæringarplötur í kerfið á fjórum stöðum.
 - 1) á nýlögnum rétt við holu
 - 2) við úttak á geymi
 - 3) nálægt enda dreifikerfis
 - 4) u.þ.b. miðja vegu frá tanki að enda dreifikerfis.Skóðaðar eftir ca. mánuð, en stefnt að því að hafa í 3 mán.
6. Fylgjast skal með vatnsborði í þeim holum á svæðinu sem unnt er að fylgjast með því í. Grímur fer norður og fylgist með starti en síðan verður fylgst með vatnsstöðu a.m.k. einu sinni í viku.